



## 171 fundur stjórnar SSV

Fundur haldinn í stjórn SSV, miðvikudaginn 2 nóvember kl.09.30 á Teams .

Mætt voru; Guðveig Eyglóardóttir, Ragnar Sæmundsson, Líf Lárusdóttir, Elín Ósk Gunnarsdóttir, Sigurður Guðmundsson, Eyjólfur I. Bjarnason, Jakob B. Jakobsson, Jósef Kjartansson og Sigurbjörg Ottesen. Júníana Óttarsdóttir boðaði forföll og varamaður hafði ekki tök á því að mæta í hennar stað. Sigursteinn Sigurðsson sat fundinn undir lið 5 og Vífill Karlsson undir lið 8. Þá sat Páll S. Brynjarsson fundinn og ritaði fundargerð.

Guðveig Eyglóardóttir, formaður SSV, setti fund kl.09.30

### 1. Fundargerð 170 fundar stjórnar SSV

Formaður lagði fram fundargerð frá 170 fundi stjórnar SSV til staðfestingar. Stjórn staðfesti fundargerðina.

### 2. Ályktanir frá Haustþingi 2022

Ályktanir frá Haustþingi SSV 2022 lagðar fram til kynningar. Framkvæmdastjóra var falið að senda ályktanirnar til þingmanna Norðvesturkjördæmis og ráðuneyta.

### 3. Staða slökkviliða á Vesturlandi

Nýverið birti HMS skýrslu um stöðu slökkviliða á Íslandi og í skýrslunni er farið yfir stöðuna í hverjum landshluta. Stjórn ræddi stöðu slökkviliða á Vesturlandi og var framkvæmdastjóra falið að ræða við bæjar- og sveitarstjóra um möguleika á auknu samstarfi eða samþættingu á starfsemi slökkviliða.

### 4. Innleiðing á nýrri löggjöf um úrgangsmál

Ný löggjöf um úrgangsmál mun taka gildi í byrjun árs 2023. Samkvæmt henni verða töluverðar breytingar á flokkun úrgangs og sorphirðu. Nokkur umræða hefur verið um hvort SSV og Sorpurðun Vesturlands geti unnið með sveitarfélögum í þessu verkefni. Fyrirhugað er að Sorpurðun Vesturlandi muni standa fyrir ráðstefnu um þessi mál um miðjan nóvember og til skoðunar er hvort hægt væri að breyta áhersluverkefni Sóknaráætlunar Vesturlands „Flokkun í anda hringrásarhagkerfis“ þannig að það taki líka á áðurnefndum lagbreytingum. Stjórn samþykkti að víkka út áhersluverkefnið um „Flokkun í anda hringrásarhagkerfisins“ og láta það taka í ríkara mæli á innleiðingu nýrrar löggjafar um úrgangsmál.

## 5. Safnaklasi á Vesturlandi

Á fundinn mætti Sigursteinn Sigurðsson menningar- og velferðarfulltrúi SSV og kynnti minnisblað um undirbúningsvinnu að stofnun safnaklása á Vesturlandi. Menningarfulltrúi ásamt ráðgjafafyrirtækinu Creatrix og starfsfólki safna á Vesturlandi hafa komið að verkefninu. Stjórn samþykkti að fela menningarfulltrúa að vinna áfram að verkefninu og kynna það fyrir sveitarfélögunum á Vesturlandi.

## 6. Starfsreglur stjórnar SSV

Rætt um endurskoðun á starfsreglum stjórnar SSV, en samkvæmt þeim skulu þær endurskoðaðar þegar ný stjórn hefur tekið við störfum. Stjórn fól framkvæmdastjóra að taka saman minnisblað um mögulegar breytingar.

## 7. Umsögn SSV um fjárlög 2023

Lögð fram umsögn SSV um fjárlög 2023. Formaður og framkvæmdastjóri SSV munu fara á fund fjárlaganefndar og fylgja eftir umsögninni sem og þeim ábendingum sem komu fram á fundinum.

## 8. Vindmyllur og ferðaþjónusta

Á fundinn mætti Vífill Karlsson atvinnuráðgjafi og var með kynningu fyrir stjórn um um ferð sína með Íslandsstofu til Danmerkur. Ferðin var farin dagana 24 til 27 október í þeim tilgangi að kynna sér uppbyggingu Dana á vindorku og sambúð hennar við ferðaþjónustu. Fram kom að samantekt Vífils frá ferðinni verður aðgengileg fyrir sveitarstjórnarfólk á Vesturlandi.

## 9. Framlögð mál

- a. Fundargerðir frá landshlutasamtökum
- b. Fundargerð frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga
- c. Fundargerð Byggðamálráðs

Fundi slitið kl.11.25